

2. fundur faghóps um starfsaðstæður í leikskólum haldinn þann 8. nóvember 2018.

Mættar: Inga Fríða Tryggvadóttir, Hulda Snæberg Hauksdóttir, Ásgerður Kristjánsdóttir, Linda Björk Halldórsdóttir Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir.

Fjarverandi: Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.

- Fundur hófst á umræðum um vinnutíma starfsfólks í leikskólanum, tekin voru dæmi úr grunnskólanum til samanburðar við leikskólann. Einn leikskólastjóri í hópnum tók dæmi um að þegar starfsfólk á sína „löngu“ daga í leikskólanum þe vinnur til 17 (er á rúllandi vöktum) þá er starfsfólkið fjarverandi (oftar veikt).
- Fundurinn velti fyrir sér hvað varðar jólafrí og svo t.d. frí í dymbilviku til samanburðar við grunnskólann. Í því felst mikill ávinningur og svo hvati til foreldra um að gefa börnum sínum gott jólafrí og páskafrí. Það getur gefið leikskólastjórum aukið svigrúm til þess að gefa starfsfólkinu sínu frí á þessum tíma og gerir starfsumhverfið fjölskylduvænna um leið þe. börn og foreldra njóta fleiri samverustunda. Fundurinn ræddi um mikilvægi þess að hægt væri að stefna að jólafrí og páskafrí. Erum að taka skrefið varðandi jólafrí og sjáum nú þegar að nýtingin verður lítil flestum hverfum. Dymbilvika eru 3 dagar, erum við of rög til að stíga skrefið, þar sem grunnskólabörn eru hvort sem er í frí þessa daga.
- Mikil umræða var um það hvers vegna við erum að missa fagfólkið okkar. En upplifunin er að þónokkur fjöldi hafi farið yfir í grunnskólann síðustu ár. Fundurinn samþykkir að gerð verði spurningakönnun á því hver ástæðan sé að fólk er að færa sig yfir í grunnskólann og hvað væri það sem myndi laða þessa einstaklinga til baka. Ákveðið að senda spurningarnar til leikskólakennara og þroskaþjálfara.
- Rætt var um lengd vistunartíma barna sem mennt almennt hafa miklar áhyggjur af (vinnutími foreldra 40 stundir en barna jafnvel 45 stundir á viku). Til þess að hafa möguleika á að stytta hann verði gefinn meiri sveiganleiki á vistunartíma. Núverandi fyrirkomulag er þannig að einungis er hægt að kaupa sama tíma alla daga. Að hægt verði að kaupa t.d. til 13.30 á miðvikudögum.
- Rætt var um barngildisviðmiðin líkt og fram koma í skýrslu um bættar starfsaðstæður. Tillaga um að breyting yrði gerð á viðmiðum um fjölda 4ra og 5 ára barna per starfsmann. Hópurinn er sammála um það að betra sé að skoða stærð barnahópa frekar en barngildin. Umræða í framhaldinu varðandi grunnskólann þar sem kennari er í 40 mín. með ca. 22 börn og á milli tíma færð hann andrými til þess að komast í kaffi og einnig er það þannig að börnin eru farin heim kl. 13:10-13.30 sem gerir 5 tíma viðveru með börnum.
- Umræða um neyslulé sem afar mikil ánægja var með, og mikil óánægja þegar það var tekið út og skipti fólk máli.
- Fyrir næsta fund ætlar hópurinn að undirbúa umræðu um gjaldfrjálsan leikskóla, en töluvert er til af gögnum um það. Hópurinn telur það mikilvægt innlegg að markmiði um lengd vistunartíma.

Fundi slitið 12:30

Jenný ritaði fundargerð